

Nd.

284. Frumvarp til laga

[155. mál]

um Ríkisforlag.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Magnús T. Ólafsson.

1. gr.

Komið skal á fót stofnun er nefnist Ríkisforlagið.

2. gr.

Hlutverk Ríkisforlagsins er að hafa yfirsýn yfir útgáfu allra rita, gagna, bóka, blaða og bæklinga og annars prentaðs máls er fram fer í upplýsingaskyni á vegum ríkisins og stofnana þess og hafa til sölu og dreifingar á einum stað og að annast sjálft útgáfu rita á vegum ráðuneyta og ríkisstofnana, eftir því sem starfssvið og starfshættir stofnunarinnar verða nánar ákvarðaðir í reglugerð. Ríkisforlagið skal hafa náð samstarf og samráð við Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og jafnan leitast við að ná hagstæðustu samningum um prentun og útgáfu rita sinna. Ríkisforlagið skal og leita samráðs við landssamtök um upplag þeirra rita, svo sem laga og reglugerða, er sérstaklega varða málefni meðlima þeirra.

3. gr.

Við stofnun Ríkisforlagsins skal hagnýta starfskrafta þeirra, er þegar vinna við útgáfustörf á vegum ríkisins og stofnana þess, þannig að fyllsta vinnuhagræðing náist og sparnaðar sé gætt.

4. gr.

Ríkisforlagið heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Laun starfsfólks þess skulu ákveðin skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.

5. gr.

Jafnan skal verðleggja útgefin rit Ríkisforlagsins sem næst kostnaðarverði. Einstökum ráðherrum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu, ef um er að ræða opinber skjöl, sem varða þykja hagsmuni svo mikils fjölda þegnanna, að þeim beri að dreifa ókeypis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allir þeir, sem afskipti hafa af opinberum málum, munu fyrr eða síðar hafa orðið þess varir hve handahófskennd virðist útgáfa hvers konar opinberra skjala. Þau liggja á við og dreif um höfuðborgina, upplög eru oft af svo skornum skammti, að nær ógerningur getur reynst að fá eintök af þýðingarmiklum lögum, er allan almenning varða, skömmu eftir setningu þeirra, engin regla virðist gilda um endurprentun laga og verða þau ófánleg árum og áratugum saman, ef löggjafinn hefur

ekki við þeim hróflað. Fjöldi manna í hinum margvislegustu stofnunum er að fást við útgáfu og dreifingu á skjölum, ritum, bókum og tímaritum án nokkurrar heildarfirsýnar eða markaðrar stefnu með þessari útgáfu. Birgðir safnast upp innan einstakra stofnana, og þess munu jafnvel dæmi að þær tynist og gleymist um árabíl. Engar reglur virðast til um endurnýjun nauðsynlegra gagna og raunar ærið handahófskennt mat á því hvað skuli gefið út, hvenær og hvernig. Mál þetta hefur því snertiflöt við almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda, þar eð ákvarðanir — eða skortur á þeim — í þessu efni hljóta að ráða miklu um, hvað kemur fyrir almenningssjónir og hvað ekki.

Allar þessar ástæður gera það knýjandi, að útgáfu og dreifingu gagna hins opinbera sé komið á einn stað.

Það skal tekið fram, að ekki er gert ráð fyrir að skólabókaútgáfa á vegum ríkisins (Ríkisútgáfa námsbóka) og almenn bókaútgáfa (Bókaútgáfa Menningarsjóðs) eða sérfræðileg útgáfa (eins og t. d. handritaútgáfa Stofnunar Árna Magnússonar) falli undir ákvæði þessara laga.

Að öðru leyti skal nánar kveðið á um starfssvið stofnunarinnar í reglugerð, sbr. 4. gr.

Ef sæmilega er á málum haldið við stofnun þessa forlags hlýtur það og að leiða til mikils sparnaðar og vinnuhagræðingar frá því, sem nú er, a. m. k. er að því augljóst hagræði, að með þessu fengist í fyrsta sinn yfirlit yfir það fé, sem ráðuneyti og hvers kyns opinberar stofnanir verja til þessarar starfsemi og hversu gagnlega og skynsamlega því fé er varið.